


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	ÍSL 633 Haustönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur fjölbreyttu gildi bóka fyrir börn og unglinga, sögu og þróun íslenskra barna- og unglingabókmennta. Einnig fræðast þeir lítillega um mál- og menningarheim og málþroska barna. Nemendur fá þjálfun í lestri barna- og unglingabóka, fræðigreina um efnið og gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega. Ekki verður lokapróf í áfanganum heldur byggist námsmat á frammistöðu nemenda í kennslustundum og einstökum verkefnum.


Markmið áfangans:

- Að nemendur kynnist mikilvægi lestrar fyrir börn á öllum aldri.
- Að nemendur fræðist um hlutverk og sögu íslenskra barnabóka.
- Að nemendur kynnist mismunandi flokkum barnabókmennta, einkennum og tilgangi.
- Að nemendur læri að lesa barnabækur á gagnrýninn hátt og geti skilgreint efni þeirra í ræðu og riti.
- Að nemendur kynnist íslenskum kvikmyndum og leikritum fyrir börn og unglinga, eftir því sem aðstæður leyfa.

Vinnutilhögun:

- Ekki verður lokapróf í áfanganum en nemendur þurfa að skila nokkrum verkefnum, sem verða metin til einkunna.
- Verkefni eru ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni og skil eru ýmist munnleg eða skrifleg, eftir því sem við á hverju sinni.
- Miklu skiptir að nemendur mæti vel og stundvíslega vegna þess að mestur hluti verkefnavinnunnar fer fram í tímum.

	Skipulag áfangans	Verkefni
1. lota 22.8.- 2. 9.	Kynning á áfanganum – Uppáhaldsbókin mín Fyrirlestrar og kynningar á greinum um lestur og sögu íslenskra barnabóka (Greinasafn bls. 1-36)	Próf 15%
2. lota 5.9- 23.9.	Skáldsögur fyrir börn og unglinga – einkenni góðra bóka Umræður og ritgerðavinna (Greinasafn bls. 19-36))	Ritgerð 25%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sambýkkt: HJS		
Síða 2 af 2	ÍSL 633 Haustönn 2011	

3. lota 26.9- 7.10.	Setið í kjöltunni- Um myndabækur fyrir yngri börnin (Greinasafn bls. 37-49)	Verkefni um myndabækur 10%
4. lota 10.10- 21.10.	Þjóðsögur og ævintýri- Kynning, lestur og verkefni	Verkefni 10%
5. lota 24.10- 28.10.	Kvikmyndir fyrir unga áhorfendur – áhorf og umræður	Gagnrýni 5%
6. lota 31.10.- 30.11.	Barna- og unglingabækur af mismunandi tagi Lestur, greining og frumsamið efni í viðeigandi stíl	Lokaverkefni 35%

Tegund	Námsgögn
Bækur	ÍSL 633 – Greinasafn (Skrifstofa VMA) og íslenskar barna- unglingabækur eftir því sem við á í hverri lotu.
Annað	Myndefni og ljósrit eftir þörfum

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils